

Fimmtudaginn 16. september 1993.

Nr. 98/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Guðmundi Teiti Guðbjörnssyni

(Kristján Stefánsson hrl.).

Lax- og silungsveiði. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi í heild sinni til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 149. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Af hálfu ákærvalds var málinu áfrýjað með stefnu 6. janúar 1993 til þvingingar á refsíákvörðun héraðsdóms.

Fyrir Hæstarétti hélt verjandi ákærða því fram, að rétt væri að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju vegna afskipta Ólafs Ólafssonar, setts héraðsdómara af málinu. Nefndur héraðsdómari þingfesti ákærana í máli þessu og birti hana ákærða 17. febrúar 1992, auk þess sem hann tók skýrslur af vitnum, sem lagðar eru fram í máli þessu. Halldór Halldórsson héraðsdómari fékk mál þetta til meðferðar 7. júlí 1992, og kom ákærði fyrir dóm hjá honum 16. október 1992. Þessi meðferð málsins leiðir ekki til ómerkingar þess.

Þá hélt verjandi ákærða því fram, að sök ákærða, ef einhver væri, kynni að vera fyrnd. Verknaður ákærða er framinn í júlí 1990. Hinn 10. maí 1991 hófst réttarrannsókn gegn honum sem sökunaut. Þá var rofin fyrning sakar, sbr. 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærði viðurkenndi fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi, að net það, sem veiðiverðir tóku upp aðfaranótt 26. júlí 1990, væri sín eign, og hefði hann lagt netið eins og í ákæru greinir. Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja sannað, að netið hafi verið ómerkt, þegar það var tekið upp. Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 4. nóvember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 4. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands vestra, sem háð er af Halldóri Halldórssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-3367c/1990: Ákærvaldið gegn Guðmundi Teiti Guðbjörnssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 16. október sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 13. júní 1991, á hendur Guðmundi Teiti Guðbjörnssyni, Brekkugötu 7, Hvammstanga, fæddum 22. maí 1956, fæðingarnúmer 239, „fyrir að hafa í júlí 1990 án fullnægjandi merkinga lagt net í sjó sunnan við Ytri-Hvammsá við Hvammstanga til veiða á silungi, en aðfaranótt fimmtudagsins 26. júlí það ár tóku veiðiverðir netið upp.

Telst þetta varða við 7. tl., sbr. 9. tl. reglna um netaveiði göngusilungs í sjó nr. 205/1990, sbr. 1. mgr., staflíði d og j, 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og samkvæmt 100. gr. nefndra laga um lax- og silungsveiði til upptöku á neti því, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins, merktu af lögreglu nr. 12“.

— — —

Niðurstöður.

Í ákæruskjali er háttsemi ákærða talin varða við 7. tl., sbr. 9. tl. reglna nr. 205/1990 um netaveiði göngusilungs í sjó, sbr. staflíði d og j í 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr 76/1970. Landbúnaðarráðherra setti reglur nr. 205/1990 með heimild í 4. mgr. 14. gr. laga um lax- og silungsveiði. Reglurnar voru birtar 25. maí 1990. Reglur þessar leystu af hólmi reglur nr. 378/1989.

Með framburði ákærða og vitna er sannað, að ákærði lagði silungsveiðinet það, er hér um ræðir. Telja verður sannað, að net ákærða hafi verið ómerkt, þegar það var tekið upp. Hins vegar heldur ákærði því fram, að hann hafi merkt net sitt, áður en hann lagði það. Ákærði kvaðst hafa merkt

net sitt þannig, að á annan enda netsins hefði hann ritað: Guðm. Guðbjörnsson, leyfi nr. 21,- en á hinn endann hefði hann ritað: Leyfi nr. 21, en ákærði hafði veiðileyfi númer 21 frá Hvammstangahreppi.

Veiðileyfi ákærða fyrir árið 1990 hefur verið lagt fram í málinu, og skv. því fylgdi ljósrit reglna nr. 205/1990. Þrátt fyrir það að hér væri um breytingu frá eldri reglum að ræða, mátti ákærða vera ljóst, að honum bar að merkja net sitt með nafni og heimilisfangi.

Ákærði bar við meðferð málsins, að varsla sakargagna hefði ekki verið góð, og taldi óeðlilegt, að veiðieftirlitsmaður legði hald á netið. Í málinu hefur ekkert komið fram, sem bendi til annars en varsla sakargagna hafi verið í lagi. Þá er það í verkahring veiðieftirlitsmanns að taka upp og leggja hald á veiðitæki, er hann telur ólögleg, sbr. 4. tl. 89. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Ákærði hélt því einnig fram við flutning málsins, að net sitt hefði verið nægilega merkt, er hann lagði það í sjó. Það er álit dómsins, að net sé ekki fullnægjandi merkt, nema merkingin sé með þeim hætti, að hún haldist, meðan netið liggur sjó.

Með hliðsjón af framanrituðu þykir fullsannað, að ákærði hafi með háttsemi sinni brotið gegn niðurlagi 7. tl. reglna um netaveiði göngusilungs í sjó nr. 205/1990. Með vísan til 9. tl. áðurnefndra reglna og sbr. 1. mgr., staflíði d og j, 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 þykir rétt að dæma ákærða til að greiða 9.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Með vísan til 100. gr. nefndra laga um lax- og silungsveiði er net ákærða nr. 12, sem lagt var hald á við rannsókn málsins, gert upptækt til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 kr. auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun, sem þykja hæfilega ákveðin 25.000 kr., er renni í ríkissjóð.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Teitur Guðbjörnsson, greiði 9.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Net ákærða, merkt nr. 12, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, er gert upptækt til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 kr. auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun, 25.000 kr., er renni í ríkissjóð.